

## Skýrsla formanns ÍFR

Kæru félagar, velkomin á aðalfund ÍFR.

Nú erum við endanlega laus við Covid og engar takmarkanir voru á starfi okkar í vetur sem byrjaði vel og eflist eftir því sem leið á veturinn. Við komum lyftingunum aftur af stað og höfum verið að taka upp eldri íþróttir og að fíkra okkur áfram í nýjum. Markbolti / Goalball er kominn með fastan tíma í húsinu, en Kaisu landsliðsmaður í íþróttinni frá Finnlandi stýrir æfingum. Svo höfum við verið að reyna okkur við sitjandi blak, en Elísa áhugasöm kona hefur mikinn metnað fyrir því að koma íþróttinni á laggirnar og við viljum reyna með henni. Loks vil ég nefna Corn Hole sem er kannski til að byrja með leikur, þar sem kastað er grjónapokum ofan í holu á platta, skemmtilegur leikur sem gæti orðið að alvöru íþrótt.

Annars erum við með öflugt starf í borðtennis, boccia, lyftingu og sundi bæði niðri í Laugardal og hér úti í Hátúni 12. Íþróttaskólinn okkar sem er hér alla laugardaga var öflugur í vetur en hjónin Einar Hróbjartur og Ágústa Ósk höfðu veg og vanda af því starfi sem gekk mjög vel. Bogfimin hefur átt undir högg að sækja en við trúum því að bjartari tímar séu framunda í bogfimi sem er ein af rótum félagsins.

Ég ætla ekki að fara yfir afrek vetrarins hér en þau koma öll fram í skýrslum viðkomandi íþróttar sem liggja hér frammi. Það er þó ekki hægt að hlaupa yfir Thelmu Björk sem krækti sér í silfur á HM í 100 metra bringusundi síðastliðið sumar og nú á vormánuðum gerði Ingi Björn sér lítið fyrir og varð Norðurlandameistari í Boccia.

Áður en ég lýk yfirferð um íþróttastarfið þá er gaman að nefna það að Malmö Open fór fram í fyrsta sinn eftir Covit og ýmsar fleiri keppniferðir voru farnar innan og utanlands, sem öllum er gert skil í samantekt mismunandi greina.

Ýmsar framkvæmdir fór fram á síðasta ári sem koma fram í skýrslu húsnefndar og má þar helst nefna viðgerðir á þaki yfir lágbyggingunni í suður, lýsing í sal, hellur á baksvæði og endurnýjun á stólum í

félagsaðstöðunni okkur. Við höfum verið dugleg að halda við húsinu okkar og reynum að bregðast hratt við nauðsynlegu viðhald og reynum líka að vera á undan alvarlegum upþákomum.

Í október síðastliðinn þá var komið að tímamótum hjá framkvæmdastjóra okkar til áratuga Þórði Ólafssyni sem fær nú frítt í strætó og sund. Gerður var við Þórð starfslokasamningur en hann hefur verið nýjum framkvæmdastjóra innan handar við yfirtöku verka. Nú nýji framkvæmdastjórinn er svo sem flestum félögum kunnugur en það er Ingólfur Arnarson, Ingó sem þjálfði hér borðtennis og blindra bolta og var í stjórn félagsins á síðustu öld, en hann hefur haldið tryggð við félagið stýrt mótahaldi frá því hann hætti að þjálf og verið okkur innan handar um ýmis rafmagnsmál. Nú hefur hann verið ráðinn í fast starf og við vonum að hann verði jafn frískur og hann var í gamla daga og bjóðum hann velkominn til starfa.

Samverustundir í félagsaðstöðunni okkar voru margar í vetur, allar greinar voru með samverustundir fyrir jólin og aftur nú á vordögum, þar sem félagið bauð upp á léttar veitingar og verðlaunaafhendingu fyrir innanfélagsmót. Við vorum aftur með 13 rétti sem Covid hefur haldið í gíslingu síðustu ár, en þar koma saman þau sem haldið hafa getraunastarfinu okkar á lofti og borða góðan mat og njótum samveru. Skötuveislan var hér fyrir jólin en snjóbylur setti strik í reikninginn og komust færri en búist var við. Skatan var góð þó það hafi verið fámennt.

Fyrst við erum að nefna snjóbylinn 17. desember þá má geta þess að þessi vetur var frekar snjóþungur og þá er nú gott að eiga snjóblásara, en blásarinn okkar kom að góðum notum, starfsmenn mættu tímanlega þegar snjóað hafði og blésu burt allan snjó af bílplaninu.

Félagið þurfti að leita til lögfræðings vegna dómsmáls, en Brynja húsfélag var að leita réttar síns varðandi lóðaskiptingu hér á milli 10 og 14, förum ekki nánar út í það því málarekstri hefur verið hætt. Logos lögmannsstofa með Ólaf okkar Eiríksson í fararbroddi hefur varið okkar rétt og þökkum við Ólafi og Logos kærlega fyrir hjálpina en félagið þurfi ekki að bera neinn kostnað vegna málarekstursins.

Á þessu ári hafa fallið frá nokkrir félagar. Margfaldur meistari á stórmótum Pálmar Guðmundsson, boccia spilararnir Aneta Kacmarek og Þórhallur Jón Jónsson. Við hugsum hlýlega til þeirra.

Eitt er það sem okkur langar til að efla hjá okkur og það er sýnileiki á samskipta miðlum. Við erum að tala um heimasíðuna, Instagram og Fésbókina. Instagram aðgangurinn okkar er i.f.r.is. Áhugasamir um rekstur slíkra síða mega gjarnan hafa samband við framkvæmdastjóra félagsins og bjóða fram krafta sína.

Annað sem við viljum nefna hér og gaman væri ef áhugasamir láta vita af sér og það eru dómara störf í bæði sundi og boccia, en okkur langa til að vera með lista yfir fólk sem leita má til, við slíkt mótahald.

Fyrir síðustu áramót tókum við upp nýtt bókhaldskerfi sem hefur aðeins verið að rugla frágang í bókahaldinu sem orsakar það að við getum ekki afgreitt reikningana núna en þeir verða lagðir fram á auka aðalfundi í lok ágúst.

Nú í lok samantektar um starf ársins þá langar okkur til að þakka nefndarfólki fyrir störf sín, Eiríki og Þórði fyrir skiltasöfnunina í salnum, Togga og Þránni fyrir frábær störf í þágu getraunanna. Þessi störf eru mjög dýrmæt fyrir félagið, þau skapa okkur tekjur sem gerir okkur kleift að t.d. halda úti sundþjálfun fyrir krakka þar sem við erum með einn þjálfara á hvern nemanda, gerir okkur kleift að bjóða börnum í íþróttaskólann án endurgjalds og margt fleira.

Garðar Steingrímsson formaður ÍFR